SV: Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018
Bréf: t-póstur
Málsnúmer: R17090251
Bréfalyklar: 010 Borgarstjórnarkosningar
Eigandi skjals: Elísabet Pétursdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 04.05.2018
Dagsetning skjals: 04.05.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Anna Kristinsdóttir" <Anna.Kristinsdottir@reykjavik.is>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skjalalykill | 010 Borgarstjórnarkosningar | Málsnúmer | R17090251 |
| Móttökudags. | 04.05.2018 | Skráð í GoPro | 04.05.2018 |

| | | |
|---|---|---|
| Tegund skjals | t-póstur | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent: Sent til:

Notandi: "Elísabet Pétursdóttir" <Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is>
Dagsetning: 4.5.2018 15:11:11
Til: "Anna Kristinsdóttir" <Anna.Kristinsdottir@reykjavik.is>
Efni: SV: Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018

---------------------------------------------------------

Sæl, geri það
Kveðja elísabet

**Frá:** Anna Kristinsdóttir
**Sent:** föstudagur, 4. maí 2018 15:09
**Til:** Elísabet Pétursdóttir <Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is>
**Efni:** Re: Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018

Sæl

Ég er laus 15-16. Endilega heyra í huldu og Magnúsi
Sent from my iPad

On 4 May 2018, at 15:02, "Sigridur.Vilhjalmsdottir@hagstofa.is" <Sigridur.Vilhjalmsdottir@hagstofa.is> wrote:

> Sælar
> Í framhaldi af samtali okkar Elísabetar áðan og í fjarveru Antons vil ég árétta að erindið sem Anton ætlaði að vísa til í tölvupósti til ykkar fyrr í dag er erindið þar sem „Óskað er eftir að við úrvinnslu á kjörskrám í kjölfar borgarstjórnarkosninga 2018 verði sérstaklega tekin saman kjörsókn þeirra kjósenda sem nú hafa kosningarétt í fyrsta skipti , og að þær tölur verði brotnar niður eftir einstökum kjördeildum , fyrir hvort kyn fyrir sig.“ sbr. tölvupóst til Hagstofu 27.apríl 2018.

Bestu kveðjur
Sigríður

**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
Atvinna, lífskjör og mannfjöldi | Labour market, living conditions and demography

**HAGSTOFA ÍSLANDS | STATISTICS ICELAND**
Borgartún 21a - 105 Reykjavík
Beinn sími | Tel: +354 528 1054
Bréfasími | Fax: +354 528 1199

www.hagstofa.is | www.statice.is

Fyrirvari | Disclaimer: http://hagstofa.is/um-hagstofuna/fyrirvari/

**From:** Anton Örn Karlsson
**Sent:** 4. maí 2018 14:25
**To:** 'Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is'; 'anna.kristinsdottir@reykjavik.is'
**Cc:** Hrafnhildur Arnkelsdóttir; Sigríður Vilhjálmsdóttir
**Subject:** RE: Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018

Sælar báðar tvær,

Við tökum jákvætt í erindið og teljum okkur mögulegt að verða við því . Hins vegar er afar mikilvægt að hittast og fara nákvæmlega yfir erindið og festa allar skilgreiningar varðandi hópana sem á að skoða. Við munum þurfa að gera nokkrar breytingar á okkar verkferlum og þar sem tíminn er af skornum skammti teljum við að réttast væri að funda sem fyrst.

Við myndum því vilja bjóða ykkur (ásamt Huldu og Magnúsi Torfa) á fund á Hagstofunni á þriðjudaginn kemur (8. maí, næstkomandi), klukkan 14:30 eða 15:00. Hvernig henta þær tímasetningar ykkur?

Kveðja,
Anton.

**Anton Örn Karlsson**
Deildarstjóri | Head of unit
Atvinna, lífskjör og mannfjöldi | Labour market, living conditions and demography

**HAGSTOFA ÍSLANDS | STATISTICS ICELAND**
Borgartún 21a - 105 Reykjavík
Beinn sími | Tel: +354 528 1281
Bréfasími | Fax: +354 528 1299

www.hagstofa.is | www.statice.is

Fyrirvari | Disclaimer: http://hagstofa.is/um-hagstofuna/fyrirvari/

**From:** Svava Guðjónsdóttir **On Behalf Of** Information
**Sent:** 3. maí 2018 15:34
**To:** Hrafnhildur Arnkelsdóttir; Anton Örn Karlsson; Sigríður Vilhjálmsdóttir
**Subject:** FW: Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018

**Svava Guðjónsdóttir**
Upplýsingatækni og miðlun | IT and dissemination

**HAGSTOFA ÍSLANDS | STATISTICS ICELAND**
Borgartún 21a - 105 Reykjavík
Beinn sími | Tel: +354 528 1102
Bréfasími | Fax: +354 528 1098

www.hagstofa.is | www.statice.is

Fyrirvari | Disclaimer: http://hagstofa.is/um-hagstofuna/fyrirvari/

**From:** Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is [
mailto:Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is]
**Sent:** 3. maí 2018 15:29
**To:** Information
**Subject:** Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018

Tilvísun í mál: R17090251

Reykjavík, 3. maí 2018
R17090251

010
AK/EP

Hagstofa Íslands
Borgartúni 24
150 REYKJAVÍK

Efni:
***Ósk um upplýsingar úr kjörskrá fyrir borgarstjórnarkosningar 2018***

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að grípa til aðgerða til að auka kosningaþátttöku tiltekinna hópa sem hafa í undanförnum kosningum átt undir högg að sækja með tilliti til kjörsóknar. Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands munu samhliða átakinu framkvæma rannsókn til að meta hversu áhrifaríkar mismunandi leiðir eru við að hvetja til þátttöku. Í samstarfinu verður sérstök áhersla lögð á kosningaþátttöku þeirra sem nú hafa kosningarétt í fyrsta sinn, þar sem þátttaka þessa aldurshóps hefur farið minnkandi og kjörsókn í aldurshópnum 18-19 ára var í síðustu kosningum ekki nema 45% og enn lægri í aldurshópnum 20-24 ára, eða 42%.
Reykjavíkurborg telur lága kjörsókn ungmenna í sveitastjórnarkosningum mikið áhyggjuefni og mikilvægt að leita allra leiða til að sporna við þeirri þróun. Í undirbúningi eru nokkrar mismunandi gerðir kynningarefnis sem sendar verða til ungmenna. Með því að nýta nokkrar mismunandi gerðir er markmiðið að leggja mat á hvaða kynningarefni nær best til ungmenna. Áherslur kynningarefnisins byggja á niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna í félagssálfræði og á niðurstöðum rannsókna sem rannsakendur hafa gert á kosningaþátttöku ungmenna í tengslum við tvær síðustu alþingiskosningar. Rannsóknin er gerð samhliða átakinu #ÉgKýs og í samvinnu við skipuleggjendur þess átaks.
**Erindi:** Óskað er eftir upplýsingum úr kjörskrám fyrir borgarstjórnarkosningar 2018, um þá kjósendur sem nú hafa kosningarétt í fyrsta skipti. Þær upplýsingar verða nýttar til að upplýsa þessa einstaklinga um kosningarétt sinn.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar
Hulda Þórisdóttir, Lektor við Háskóla Íslands
Magnús Þór Torfason, Lektor við Háskóla Íslands